

AÐGERÐAÁÆTLUN fyrir blakleiki í MIZUNODEILD KARLA og KVENNA

Uppfært, sept 2017

Undirbúningur leiks

Ritari þarf að hafa lært á forritið E-Scoresheet og vera með lykilorðið sitt á hreinu.

Ritari keyrir TEST MATCH daginn fyrir leik. Ef það virkar ekki þá skal hafa samband við BLÍ.

Best er að ritari mæti tímanlega og hefji störf eigi síðar en 40 mín fyrir leik.

Ræsir tölvu og ræsir E-scoresheet.

- Sækir réttan leik í uppgefnum lista
- Skráir inn helstu upplýsingar, það sem ekki er fyrirfram uppsett í skýrslunni.
- Fær endanlegan nafnalista frá liðunum og setur inn frá fyrirfram gefnum lista inni í forritinu. Passar sérstaklega upp á að rétt númer séu, merkir fyrirliða og frelsingja
- Skráir inn þjálfara eða starfsfólk leiksins
- Kemur að því að kerfið krefst LOGINS frá liðunum til að staðfesta listann. Það þarf að sýna liðunum listann svo liðið geti staðfest hann (þjálfari og fyrirliði saman á borðinu)
- Kerfið leiðir mann svo áfram þangað til komið er í LINE-UPS
- MUNA AÐ HAFNA **USB LYKIL** TENGÐAN VIÐ OG HAKA VIÐ BACKUP Í SETTINGS

DÓMARAR - MÆTI EKKI SEINNA EN 30-40 mín fyrir leik

- Þá á ritarinn að vera mættur og byrjaður að undirbúa rafræna leikskýrslu.
- Dómarar mælir bolta, athugar skiptispjöld og annan búnað s.s. eins og varanet.

Prótokóll

| | |
|--------------------|--|
| 16 mín fyrir leik: | Dómari flautar leikmenn af velli og mælir nethæð |
| 15 mín fyrir leik: | Dómari kallar fyrirliða til sín til að varpa hlutkesti, fyrirliðar samþ. skýrslu |
| 14 mín fyrir leik: | Formleg upphitun hefst í 10 mín. |
| 13 mín fyrir leik: | Þjálfarar skila inn sendiröðum til dómara (MIKILVÆGT) |
| 4 mín fyrir leik: | Formlegri upphitun lokið |
| 3 mín fyrir leik: | KYNNING leiksins – ALLIR leikmenn liðsins á hliðarlínu og ganga inn á miðjan völl. Fyrirliði A kynntur, þjálfari A kynntur – og svo fyrirliði B kynntur og þjálfari B kynntur. |
| 2 mín fyrir leik: | Byrjunarliðin sitja á bekknum og eru kynnt inn á völlinn í númeraröð |
| 0 mín fyrir leik: | Leikur hefst |

Eftir leik er mikilvægt að klára skýrslu, fá undirritun (LOGIN) hjá fyrirliðum, ritara og dómurum og senda.